

Stjórnarfundur 4. desember kl 16:00

Mættir: Anna, Hlynur, Pétur, Þóra, Beta og Soffía.

Fundarstjóri: Hlynur

Ritari: Lísá



1. Laun

Anna fundaði með Ingibjörgu um laun vegna starfs sem framkvæmdastjóri SÍM. Lagt er til að hún fái 350.000 á mánuði sem framkvæmdastjóri SÍM frá 1. janúar 2023 - 31. desember 2023. Bókað með fyrirvara um að samningar um slíkar greiðslur verði framvegis gerðir fyrirfram.

Fundað eftir áramót með fastráðnum starfsmönnum um starfssamninga o.s.frv.

Stjórnarfundir rekstrarfélags SÍM verði héðan af hluti af stjórnarfundum og að gert verði ráð fyrir því í fundargerð.

Samþykkt hefur verið að greiða Martynas 700 þúsund króna eingreiðslu vegna starfa sem hann hefur ynn af hendi fyrir SÍM árið 2023.

Tillaga: Eftir áramót hækka greiðslur fyrir stjórnarsetu og miðist við laun á klst. samkvæmt gjaldskra SÍM. Greitt 50% af SÍM og 50% af rekstarfélaginu. Samþykkt.

2. Styrkumsóknir

Sótt hefur verið um 8 milljónir í ríkissjóð. Gera þarf grein fyrir því að SÍM er ekki lengur stéttarfélag heldur aðildarfélag.

Sótt um í Borgarsjóð fyrir verkefnunum, TORG og WAD, samtals 3.000.000.

Ekki var sótt um samstarfssamning að þessu sinni en markmiðið er að sækja um slíkan samning á næsta ári í kjölfarið á niðurstöðu starfsnefndar um framtíð Korpúlfsstaða.

3. Umsóknir SÍM Gallery og Hlöðuloft

Athugasemd gerð við titil SÍM Gallery sem er ekki íslenska. Tillaga að breytingu sem hljóðar svo að sýningarsalurinn verði héðan frá kallaður: *SÍM salurinn - Gallery*. Merkingar uppfærðar. Samþykkt.

SÍM Gallery 2024 - 30 umsóknir bárust og 10 mánuðum verður úthlutað
Hlööuloft 2025 - 11 umsóknir hafa borist og við höfum 6 mánuði til þess að úthluta.

Hafnarstræti 200 ára - Opið hús og sýning í tilefni af afmæli SÍM hússins. Fundur á fimmtudag með Eiríki, Ómari, Helgu Maureen og Ingibjörgu. Stofnuð verður nefnd til þess að halda utan um verkefnið.

4. Stofna sjóð

Formaður leggur til að stofnaður verði sjóður fyrir Korpúlfsstaði. Rekstrarafgangur fari í sjóð til þess að safna fyrir því að bæta sýningaraðstöður SÍM. Rætt um möguleika á að hækka sýningargjald og leggja hluta af þeirri innkomu í sjóð. Rætt betur í vor.

5. Tilnefning í úthlutunarnefnd myndlistarverðlaunanna

Stjórn tilnefnir Einar Garibaldi og Gunnhildi Þórðardóttur í úthlutunarnefnd íslensku myndlistarverðlaunanna. Samþykkt.

6. Kynning á Residency skiptum

Slóvakía - opið kall stendur yfir. Umsóknarfrestur 8. desember 2023 fyrir apríl 2024.
Budapest - alls bárust 5 umsóknir um vinnustofuskipti Budapest Gallery í maí 2024
- SÍM velur 3 umsækjendur sem Budapest Gallery velur úr.
Vantaa - opið kall í desember 2023 fyrir júní 2024.

7. Önnur mál

Grasrótarsýning - hver er staðan?

Umsókn Ayis um samstarfsverkefni við Spán - Stjórn samþykkir að SÍM komi ekki að þessu máli að svo stöddu. Skýra þurfi betur hlut SÍM í verkefninu áður en að hægt er hægt að taka afstöðu til verkefnisins.

Árshátíð SÍM - laugardagur 24. febrúar. Í skemmtinefnd eru Beta, Líska og Pétur.

Jólahlaðborð - laugardaginn 13. desember fyrir starfsfólk, stjórn og formenn fagfélaganna.

Kynning fyrir stjórnarmeðlimi Könnun um hatursorðræðu, ofbeldi o.fl. sem verður gerð á vegum Kultur Analys í febrúar 2024.

Stjórn SÍM skorar á ráðherra að beita sér fyrir stofnun myndlistarverðlauna norðurlandaráðs. Sent verður bréf í janúar 2024.

Muggur - Athuga með að hækkun framlagi Myndstefs fyrir árið 2024

Kaup á búnaði fyrir fundarherbergi. Samþykkt.

Fundi slitið kl 17:43